

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2015

Efni: Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands vegna frumvarps til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis frá 9. febrúar 2015 þar sem óskað var umsagnar laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Laganefnd bendir á að sé ætlunin að frumvarpið nái til ferðamannastaða eða ferðamannasvæða sem hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru þeirra eða sögu þá sé rétt að hafa orðið „eða“ í stað orðsins „og“ í 2. og 3. töluliðum 2. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Reimar Pétursson hrl., formaður